

Nd.

148. Nefndarálit

[57. mál]

um frv. til 1. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Breiðumýrarholt í Árnessýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leitað umsagnar landnámsstjóra, og jarðeignadeildar ríkisins. Mæla þessir aðilar með sölunni, landnámsstjóri þó „í því trausti, að unnið verði að býlafjölgun í Holti“. Upplýst er, að hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps mæli með sölunni. — Nefndinni hefur borizt bréf frá landbúnaðarráðuneytinu og skógrækt ríkisins, þar sem þess er óskað, að heimild verði veitt til makaskipta á hluta af landi skógræktar ríkisins í Hafnarfjarðarhrauni og landi, sem Hafnarfjarðarbær á í Undirhlíðum frá Vatnsskarði norður í Kaldársel. Er þessa óskað vegna fyrirhugaðrar skógræktar, og hefur Hafnarfjarðarbær tjáð sig samþykkan makaskiptunum. Nefndin fellst því á þau fyrir sitt leyti og flytur brtt. þess efnis við frv. — Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. gr. orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt:

1. Að selja ábúendum Holts í Árnessýslu, þeim Sigurgrími Jónssyni, Vernharði, Herði og Jóni Sigurgrímssonum, eyðijörðina Breiðumýrarholt fyrir það verð, sem dómkvaddir menn meta, enda séu færðar sönnur á, að býlum verði fjölgað í Holti.
 2. Að hafa makaskipti á löndum við Hafnarfjarðarkaupstað þannig, að Hafnarfjarðarkaupstaður fái hluta af landi skógræktar ríkisins í Hafnarfjarðarhrauni, en láti skógrækt ríkisins hafa þar á móti land í Undirhlíðum frá Vatnsskarði norður í Kaldársel.
2. Við fyrirsögn bætist: og um makaskipti á löndum.

Alþingi, 1. des. 1955.

Ásgeir Bjarnason,
form.

Jón Sigurðsson,
fundaskr.

Gísli Guðmundsson,
frsm.

Jón Pálmason.

Sigurður Guðnason.